

SHAUÐOR  
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is



Græddu á gulli  
á Grand Hótel

Staðgreiðum  
allt gull,  
silfur, demanta  
og vönduð úr.

Í dag frá kl 11:00 til 19:00  
Upplýsingar og tímapananir,  
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupungull.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

2. júlí 2012  
153. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



## Hrefna grillar

Kokkurinn Hrefna Rósa Sætran grillar fyrir landsmenn á RÚV í haust.  
popp 26

## Börn ræði málin

Sigurlaug Hreinsdóttir heldur heimspekinámskeið fyrir börn.

tímamót 14



## Vel heppnað Landsmót

Íslensk hestamennska er komin í sinn gamla gír eftir pestina fyrir tveimur árum.

sport 22

## veðrið í dag



VÆTUSAMT á V-helmingi landsins í dag og einnig skúrir NA-tíl. Purrt SA-lands. Víða hægur vindur. Milt í veðri, hiti 10 til 16 stíg.

VEÐUR 4

# Forsetinn láti til sín taka í umræðunni um stóru málin

Ólafur Ragnar Grímsson var endurkjörinn forseti Íslands með meirihluta atkvæða á laugardaginn. Hann segir úrslitin sýna að þjóðin vilji forseta sem láti til sín taka þegar kemur að veigamiklum málum.


**KOSNINGAR** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir að þjóðin hafi sent þau skilaboð í forsetakosningunum á laugardag að forsetinn eigi að láta til sín taka í umræðunni um hin stærstu mál. Hann segir enn fremur að vantraust landsmanna á Alþingi auki kröfur um að forsetinn gripi inn í. „Og margar eru þess eðlis að hann getur ekki orðið við þeim innan ramma núverandi stjórnskipunar,“ segir Ólafur. Hann vill þó ekki fara frekar út í það í hvaða málum hann muni beita sér.

Ólafur Ragnar fékk meirihluta atkvæða í kosningunum, tæp 53 prósent, en Þóra Arnórsdóttir kom næst honum með rúmlega 33 prósent atkvæða.

Ólafur segir að áhersla Þóru

## Úrslit kosninganna

Heildarkjörsoðkn: 69,2%  
Greidd atkvæði: 159.207  
Auðir seðlar: 3.514  
Ögildir: 530



á hlédrægari forseta hafi ekki fengið brautargengi. „Sá framþjóðandi sem næst mér kom var með allt aðra sýn, að forsetinn

ætti að halda sig til hlés og alls ekki tjá sig um stjórnarskrána og Evrópusambandið. Það hlaut ekki afgerandi stuðning.“



Í SÖGUBÆKURNAR Iker Casillas, fyrirlíði Spánar, lyftir hér Evrópumeistaratitlinum í knattspyrnu eftir öruggan sigur á Ítölum í gær. Spánverjar eru fyrsta þjóðin til að vinna þrjú stórmót í röð.

Spánverjar unnu Ítala með fjórum mörkum gegn engu í úrslitaleik EM:

## Fyrsta þjóðin til að verja titilinn

**FÓTBOLTI** Spánverjar tryggðu sér í gærkvöldi Evrópumeistaratitil karla í knattspyrnu eftir 4-0 stórsigur á Ítölum í úrslitaleiknum á Ólympíuleikvanginum í Kænugarði. Með sigrinum varð liðið hið fyrsta til þess að verja titil sinn á Evrópumóti í knattspyrnu. Auk þess varð liðið fyrst landsliða til þess að vinna þrjú stórmót í röð

en Spánverjar eru ríkjandi heimsmeistarar í íþróttinni.

Spánverjar gáfu tóninn snemma leiks og komust verðskuldað yfir eftir stundarfjórðungs leik með falllegu skallamarki Davids Silva. Nýjasti liðsmaður Börsunga, Jordi Alba, bætti við öðru marki skömmu fyrir leikhlé og Ítalir í vondum málum í hálfleik.

Lokatölurnar gera minna úr frammistöðu Ítala sem hefðu vel getað minnkað muninn fyrsta stundarfjórðung síðari hálfleiks en þá urðu þeir fyrir áfalli. Varamaðurinn Thiago Motta var borinn meiddur af velli og þar sem Ítalir höfðu notað allar skiptingar sínar léku þeir manni færri út leikinn.

- ktd / sjá síðu 22

Rúmt ár frá skjálftum í Japan:

## Ræsa fyrsta kjarnorkuverið

**JAPAN** Fyrsta kjarnorkuverið var endurræst í Japan í gær eftir að slökkt hafði verið á þeim öllum í kjölfar Fukushima slyssins sem varð fyrir rúmu ári síðan.

Slysið varð þegar kröftugur jarðskjálfti olli því að kjarnorkuverið í Fukushima bræddi úr sér, en það er talið alvarlegasta kjarnorkuslys heims frá því í Tsjernobil árið 1986.

Forsætisráðherra Japans, Yoshihiko Noda, tilkynnti um þau plön að endurræsa kjarnorkuver landsins í síðasta mánuði sökum efnahagsins í landinu. Japanir hafa skipst í tvær fylkingar í kjölfar málsins og kröftug mótmæli hafa verið í landinu.

Mótmælin báru þó lítinn árangur því kveikt hefur verið á verinu. Um fimmtíu kjarnorkuver eru í Japan.

- trs

www.ms.is

Fjörmjólk



Fáðu D-vítamín úr Fjörmjólk!



Nýtt Novablað fylgir!

## Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösom




Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum



# ÓDÝRASTA MATAROLÍAN Í BÓNUS



298 kr.  
1 ltr.

**B**  **NUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI



# Fyrsta fasteignafélagið í Kauphöll Íslands



reginn.is

**Fasteignafélagið Reginn hf.** verður skráð á markað í Kauphöll Nasdaq OMX Iceland hf. í dag en í kjölfar hlutfjárútbóðs félagsins í síðasta mánuði eru um þúsund hluthafar í eigendahópi félagsins.

**Reginn er fyrsta íslenska fasteignafélagið** sem skráð er á markað og starfsfólk Regins þakkar nýjum hluthöfum það mikla traust sem þeir sýna félaginu með því að fjárfesta í eignum, rekstri þess og framtíðarsýn. Við munum leggja okkur fram um að styrkja Reginn enn frekar á næstu mánuðum og árum og nýta þau sóknarfæri sem framundan eru. Landsbankinn og Íslandsbanki munu gegna hlutverki viðskiptavaka á hlutabréfum félagsins.

- **Reginn er öflugt fasteignafélag sem á alls um 150 þúsund fermetra af atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.**
- **Reksturinn skiptist í þrjár afkomueiningar, Smáralind, Egilshöll og atvinnuhúsnæði en í þeim flokki eru alls 27 fasteignir.**
- **Eignasafnið samanstendur að mestu af nýlegum, eftirsóttum eignum og útleiguhlutfallið er hátt eða 94%.**

**Reginn**  
FASTEIGNAFÉLAG

Hagasmára 1  
201 Kópavogur  
Sími 512 8900  
reginn@reginn.is

### Ólafur Ragnar endurkjörinn forseti

#### Póra var duglegust á samfélagsmiðlum

Rannsóknir benda til þess að fylgni sé á milli úrslita kosninga og áhrifa frambjóðenda á samfélagsmiðlum. Þekkingarfyrirtækið Cloud engineering tók saman upplýsingar um virkni forsetaframbjóðenda á Facebook í aðdraganda kosninganna. Skemmst er frá því að segja að Þóra Arnórsdóttir og stuðningsmenn hennar nýttu samfélagsvefinn mest allra frambjóðenda til að kynna sig og eiga samskipti við kjósendur. Gagnasöfnunin um Facebook-notkunina spannaði allan júnímánuð.

Meðal þess sem tekið var saman er fjöldi fylgjenda á Facebook þar sem Þóra hefur gríðarlega yfirburði með 9.189 fylgjendur. Ólafur Ragnar Grímsson kom henni næstur með 4.509 fylgjendur og þá Ari Trausti með 3.204. Athygli vekur að aðrir frambjóðendur eru með töluvert færri fylgjendur á vefnum.

Herdís Þorgeirsdóttir var duglegust að senda inn stöðuppfærslur á Facebook-vegg sinn í aðdraganda kosninganna en Þóra hlaut flest „like“ allra frambjóðenda með miklum mun. Á Facebook-síðu hennar má telja 27.587 „like“ gegn 8.266 á virkni Ólafs Ragnars. Sá frambjóðandi sem stóð sig langbest í að bregðast við innleggjum frá fylgjendum sínum er Ari Trausti Guðmundsson sem brást á einn eða annan hátt við 83 af 86 innleggjum á síðuna sína. Til samanburðar svaraði Ólafur Ragnar 7 innleggjum af 76 á síðu sinni.

#### Fjöldi vina frambjóðenda á Facebook

1. Þóra Arnórsdóttir 9.189 vinir
2. Ólafur Ragnar Grímsson 4.509 vinir
3. Ari Trausti Guðmundsson 3.204 vinir
4. Herdís Þorgeirsdóttir 973 vinir
5. Andrea Ólafsdóttir 521 vinur
6. Hannes Bjarnason 512 vinir



- bph

#### RÉTTINDI FATLAÐRA: FREYJA KAUS MEÐ EIGIN AÐSTOÐARMANNI

## Ósamræmið slæmt

Freyja Haraldsdóttir fékk að kjósa með aðstoð eigin aðstoðarmanns í forsetakosningunum á laugardag. Það er bannað með lögum því þar stendur að óski kjósenda eftir aðstoð við að greiða atkvæði eigi hann að tilnefna fulltrúa úr kjörnefnd til aðstoðar. Freyja mætti á kjörstað í Garðabæ og lét reyna á lagaákvæði um þetta. Eftir langan fund með formanni kjörstjórnar leyfðist persónulegum aðstoðarmanni Freyju að hjálpa henni. Aðstoðarmaðurinn fékk umboð formanns kjörstjórnar til verksins.



FREYJA HARALDSDÓTTIR

#### Ósamræmi í framkvæmd kosninga

Ekki gafst öllum færi á þessu. Fatlaður maður fékk til að mynda ekki sömu meðferð á öðrum kjörstað þrátt fyrir að benda á fordæmið sem Freyja hafði skapað. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir slæmt að ósamræmi hafi verið í framkvæmd kosninganna. „Það eiga að vera mjög skýrar reglur um framkvæmdina og framkvæmdin þarf að vera eins alls staðar,“ sagði hann í samtali við RÚV.

Komi upp ósamræmi í framkvæmd kosninga getur Hæstiréttur ógilt kosninguna. Hæstiréttur ógilti síðast kosningar til stjórnlagaráðs en þá kom upp ósamræmi í framkvæmd kosninganna. Ögmundur hefur ekki miklar áhyggjur af því að forsetakosningar verði ógiltar nú. Það sé hins vegar ekki á færi ráðuneytisins að rannsaka misbrest í framkvæmdinni heldur þurfi að kæra kosningar til Hæstaréttar.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður telur að Hæstiréttur geti ekki annað en ógilt kosningar berist réttinum kæra. Ragnar telur að ákvæði stjórnarskrárinnar um leynilegar kosningar hafi verið brotið á laugardag. Þá þurfi að kjósa aftur fyrir 1. ágúst þegar forseti verður settur í embætti. Lögfræðingar eru ekki á sama máli um hvort Hæstiréttur myndi ógilda kosningar kæmi til kæru.

#### Staða fatlaðra óviðunandi


Ögmundur Jónasson baðst fyrir helgi afsökunar á því að brotið væri á mannréttindum fatlaðra með þessum hætti. Ekki var hægt að veita undanþágu frá lögunum fyrir kosningar nú. Ögmundur boðaði það einnig fyrir helgi að hann myndi leggja fyrir haustþing frumvarp um breytingar á kosningalögum svo að málum fatlaðra verði betur ástatt.

#### Byggðu þig upp og stefndu hátt!

Taktu næringarríkar Build-up súpur með í fjallgönguna í sumar.



#### Úrslit kosninganna eftir kjördæmum



# Ólafur Ragnar ótvíræður sigurvegari kosninganna

Ólafur Ragnar Grímsson mun sitja áfram sem forseti Íslands. Hann hlaut meirihluta atkvæða í forsetakosningunum á laugardag, með 52,8 prósent atkvæða.

Frá því að fyrstu tölur bárust úr kjördæmunum var ljóst að Ólafur Ragnar nyti meirihluta-fylgis. Fyrstu tölur gáfu nokkuð góða mynd af því hvernig úrslitin yrðu. Frambjóðendur sáu ástæðu til að óska Ólafi til hamingju með sigurinn í sjónvarpsal um miðnætti á laugardagskvöld, svo öruggt var fylgi hans.

Allir frambjóðendurnir lýstu yfir vonbrigðum og áhyggjum af dræmri kjörsókn í kosningunum. Kjörsóknin var 69,2 prósent.

Aðeins einu sinni áður hefur kjörsókn í forsetakjöri verið minni. Það var árið 2004 þegar Ólafur Ragnar átti í höggi við tvo mótframbjóðendur, en þá var kjörsókn aðeins tæp 63 prósent. Tæp 73 prósent kusu í forsetakosningum 1988, þegar Vigdís Finnbogadóttir var endurkjörin. Í kosningunum 1996, þegar Ólafur Ragnar náði fyrst kjöri, kusu tæp 86 prósent.

Þóra Arnórsdóttir kom Ólafi Ragnari næst og hlaut 33,2 prósent atkvæða á landsvísi. Ari Trausti Guðmundsson hlaut 8,6 prósent atkvæða.

Pau Andrea J. Ólafsdóttir, Hannes Bjarnason og Herdís Þorgeirsdóttir fengu samantlagt minna en sex prósent fylgi. Andrea hlaut 1,8 prósent atkvæðanna, Hannes eitt prósent og Herdís 2,6 prósent.


Ólafur Ragnar hlaut mest fylgi í Suðurlandkjördæmi þar sem hann fékk 63,6 prósent atkvæða. Þar var jafnframt mesti munurinn milli Þóru og Ólafs eða 39,7 prósentustig.

Minnstur var munurinn milli þeirra í Reykjavíkurborgkjördæmunum tveimur, norður og suður. Í Reykjavíkurborgkjördæmi norður var munurinn 7,2 prósentustig og í Reykjavíkurborgkjördæmi suður 13,5 prósentustig.


Þóra Arnórsdóttir sótti mest fylgi sitt til Reykjavíkur þar sem hún var með 37,3 prósent fylgi samantlagt.

#### Úrslit kosninganna allt landið

Greidd atkvæði: 163.251  
Gild atkvæði: 159.207  
Auðir seðlar: 3.514  
Ógildir: 530



#### Úrslit fyrri kosninga



Skoðanakannanir í aðdraganda kosninganna gáfu nokkuð glögga mynd af því hvernig úrslit kosninganna urðu. Það var ljóst frá því fyrstu tölur bárust frá kjörstjórnunum um allt land.

**Birgir Þór Harðarson**  
birgir@frettabladid.is





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝR ÁFANGASTAÐUR FRAMUNDAN: KAUPTÚN



## VERIÐ VELKOMIN Í TOYOTA KAUPTÚNI

Nú hefur Toyota flutt starfsemi sína í nýtt og reisulegt húsnæði í Kaupþúni 6, Garðabæ, við hliðina á Ikea. Verið hjartanlega velkomin til Toyota í Kaupþúni þar sem öll þjónusta er nú undir einu þaki. Við tökum vel á móti þér, eins og alltaf. Á flunku-nýjum stað.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi



**Toyota Kaupþúni**  
Kaupþúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000





# KOMDU Í NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN OKKAR Á HORNI ÁRMÚLA OG GRENSÁS!

FULL BÚÐ AF HÁGÆÐA  
AMERÍSKUM HEILSURÚMUM  
FRÁ KING KOIL, RÚMGÖFLUM,  
SÆNGURFÖTUM OG SÓFASETTUM  
Á FRÁBÆRU VERÐI.

# OPNUNARTILBOÐ!

KING KOIL ALLURE  
Queen Size (153x203 cm)  
Fullt verð 163.600 kr.

**OPNUNARTILBOÐ**  
**99.900 kr.**  
**= 39% AFSLÁTTUR**

AC-PRÝSTIJÖFNUNARRÚM  
Queen Size (153x203 cm)  
Fullt verð 227.130 kr.

**OPNUNARTILBOÐ**  
**139.900 kr.**  
**= 39% AFSLÁTTUR**

STILLANLEG  
HEILSURÚM  
**20%**  
AFSLÁTTUR  
Í JÚNÍ!

# rekkjan

HEILSURÚM

## Ólafur Ragnar endurkjörinn forseti

### Hvött til þátttöku í stjórnmálum

„Það er ekki mælanlegt í neinum tölum hvaða lærdóm draga má af þessari kosningabaráttu,” segir Andrea J. Ólafsdóttir forsetaframbjóðandi. „Ég tel til dæmis að þau málefni sem ég hafði fram að færa hafi haft mjög mikið að segja um umræðuna í kosningabaráttunni og það finnst mér vera



ANDREA J. ÓLAFSDÓTTIR

heilmikill árangur. Umræðan um stjórnarskrána, valdheimildir og það hvert við erum að fara með lýðræðið er nauðsynleg og við erum aðeins á byrjunarreit með margt sem að því snýr svo ég vona að mér takist að sá frægum fyrir framtíðina. Ég lagði síðan mikla áherslu á lánamál heimilanna og fátæktina og ég er þeirrar skoðunar að þau mál hafi hlotið hljómgrunn hjá fólki því þau viðbrögð sem ég fékk mjög víða voru þau að fólk vildi sjá mig á þingi til að berjast fyrir þessum málefnum.” - jse

### Lýðveldið og ESB

„Ég vil byrja á því að óska Ólafi til hamingju með glæsilegan sigur,” segir Hannes Bjarnason. „Það er ekkert leyndarmál að ég kem inn alveg óþekktur og það hefði tekið mig lengri tíma að ná því forskoti sem aðrir hafa sem þekkt andlit þannig að ég get ekki annað en verið sáttur.”

Hannes fékk tæplega 1% atkvæða í kosningunni á laugardag og segist vissulega hafa búist við fleiri atkvæðum. „Ég hélt að það myndi höfða örlítið meira til fólksins í landinu að ég hef engin hagsmunatengsl við nokkur öfl né hópa. Kosningunum var snúið upp í baráttuna um lýðveldið Ísland og Evrópusambandið.” Hannes segir framboð sitt ekki hafa verið stökk út í stjórnmál og hyggst snúa aftur til fyrri starfa í Noregi. - kh



HANNES BJARNASON



FAGNAÐ AF STUÐNINGSMÖNNUM Póru Arnórsdóttir var vel fagnað af stuðningsmönnum sínum í Hafnarhúsinu á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Sátt við árangurinn

Póra Arnórsdóttir segist vera reynslunni ríkari eftir kosningabaráttuna. Hún sé á leið í fæðingarorlof og muni þá hugsa um hvað hún taki sér fyrir hendur.

„Það hefur örugglega aldrei verið haldin jafn mikil veisla fyrir þann sem lendir í öðru sæti,” segir Póra Arnórsdóttir en það var kátt á hjalla þótt stuðningsmenn hennar hafi ekki séð á eftir henni til Bessastaða.

En hverju var þá verið að fagna? „Ég segi fyrir mig að ég er ánægðust með þetta frábæra fólk sem lagði hart að sér við að vinna með mér og svo þegar allt var afstaðið kom það til mín og sagðist vera verulega stolt af að hafa tekið þátt

Þetta er kraftur sem býr þarna í þjóðinni og hann verður þar áfram þó ég sé ekki til staðar.

PÓRA ARNÓRSDÓTTIR FORSETAFRAMBJÓÐANDI

í þessu.“ Hún segist vera mun ríkari eftir þessa reynslu, til dæmis eigi hún nú ógrynni vana úti um allt land. Spurð hvort hún muni vinna að því að þessi hreyfing

þróist enn frekar, jafnvel á pólitískum vettvangi segir hún: „Þetta er kraftur sem býr þarna í þjóðinni og hann verður þar áfram þó ég sé ekki til staðar.“

Hún segir að nú fari hún í fæðingarorlof og þá fái hún tækifæri til þess að huga að næsta viðfangsefni og enn sé óvíst hvort það verði á RÚV. Hún segist afar sátt með árangurinn því sitjandi forseti hafi aldrei þurft að hafa jafn mikið fyrir því að endurnýja umboð sitt. - jse

### Fylgið meira en 9%

„Nei, auðvitað eru niðurstöðurnar ekki ásættanlegar,” segir Ari Trausti Guðmundsson. „En, við erum í alla staði mjög ánægð með hvernig staðið var að vinnunni við framboðið, sjálfu kosningastarfinu, með tiltölulega litla fjármuni og lítinn hóp í kringum okkur. Okkur fannst við ná ágætis árangri og komum



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

skýrum skilaboðum áleiðis um hvers konar forsetaembætti ætti að vera í landinu.“ Hann segir niðurstöður kosninganna ekki vera vonbrigði. „Trúlega er fylgi mitt eitthvað meira en þessi 9 prósent því það var mikið um taktískar kosningar.“ Spurður hvort hann stefni á frekari frama í pólitík segir hann: „Alls ekki. Þó ég hafi sagt í sjónvarpi að ég gæti séð mig í einhvers konar samfélagsþjónustu þá þýðir það ekki að ég ætli að hlaupa til og blanda mér í flokkapólitík einu ári fyrir kosningar.” - bph

### Hápolítískar kosningar

„Úrslit kosninganna sýna að fólk kaus á milli tveggja turna. Þetta voru hápolítískar kosningar. Skoðanamótandi skoðanakannanir höfðu áhrif á kjörsóknina og úrslitin sem og afstaða fjölmiðla frá upphafi



HERDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR

baráttunnar,” segir Herdís Þorgeirsdóttir. „En ég tel að ég hafi haft mikil áhrif á inntak baráttunnar og málefnalega umræðu enda fóru aðrir að til-

einka sér mínar áherslur. Ég opnaði bókhalda framboðsins og þáði ekki styrki frá fyrirtækjum og sýndi þar í verki að baráttan gegn spillingu krefst gagnsæis og heiðarleika.“ „Við megum ekki gleyma því að baráttan um áhrif er alltaf öðrum þræði baráttu um réttlátara og betra samfélag. Maður sem kjörinn er til mikilla áhrifa en telur það ekki vera í sínum verkahring að hafa áhyggjur af lýðræðinu er á röngum stað.” - jse



ENNEAM / SIA / NM5219

## Skráning hafin á maraþon.is



### Hlaupum til góðs

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðafélagsi að eigin vali. Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

### Skráning hafin á maraþon.is

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka verður að morgni menningar-nætur þann 18. ágúst. Vegalengdir við allra hæfi og hægt að fara heilt maraþon í boðhlaupi með 2-4 þátttakendum.

Við bjóðum góða þjónustu

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDBANKA

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 15 ár



Íslandsbanki

**THULE**<sup>®</sup>  
SWEDEN

# Ferðabox og hjólagrindur



 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



# Ingólfstorg – Kvosin

## Skipulagsmál

**Páll Hjaltason**  
formaður skipulagsráðs  
Reykjavíkur



Í lok síðustu viku voru kynntar tillögur úr samkeppni um framtíðarþróun Ingólfstorgs og næsta nágrennis en samkeppnissvæðið náði frá Ingólfstorgi yfir að Vallargarði og Kirkjustræti.

Miklar umræður hafa verið um þetta svæði undanfarin ár en það var komin nokkuð flókin staða í skipulagi.

Það deiliskipulag sem er í gildi frá 1986 gerir m.a. ráð fyrir töluverðri uppbyggingu við Ingólfstorg auk þess sem fjarlægja mátti gömlu timburhúsin þrjú sem standa við Vallarstræti. Hugmyndir manna um þróun miðborgarinnar hafa breyst mikið síðustu áratugi og í dag er lögð aukin áhersla á byggðarverndun ásamt mikilvægi þess að almannahagsmunir og umhverfisgæði séu höfð að leiðarljósi.

Í því ljósi ákvað skipulagsráð Reykjavíkur, í samráði við lóðarhafa, að halda opna alþjóðlega hönnunarsamkeppni um svæðið. Það er í fyrsta skipti sem Reykjavíkurborg tekur þátt í að halda slíka samkeppni um svæði í einkaeigu.

Mikil tækifæri felast í miðborg Reykjavíkur en hún er flókið samspil margra þátta og mikilvægt að leiða fram fjölbreyttar úrlausnir í skipulagi.

Samkeppnissvæðið er í hjarta borgarinnar og allar ákvarðanir um framtíð þessa viðkvæma borgarhluta þurfa að vera vel hugsaðar. Á svæðinu er t.d. talinn vera upphafspunktur byggðar í landinu. Í forsoðn samkeppninnar var m.a. lagt upp með að halda ætti í gömlu timburhúsin og ef þau yrðu færð bæri að koma þeim fyrir á samkeppnissvæðinu.

Samkeppnin var í tveimur þrepum og

var fyrri þrep opin hugmyndasamkeppni þar sem öllum gafst kostur á að koma með tillögu að framtíðarþróun svæðisins. Alls bárust 68 tillögur sem búa yfir athyglisverðum hugmyndum sem varpa ljósi á möguleika svæðisins. Sumar tillögurnar fela í sér róttæka umbreytingu á samkeppnissvæðinu en aðrar þróa hugmyndir að uppbyggingu út frá sögulegu byggðarmynstri og svæðinu eins og það er í dag.

Fimm tillögur voru síðan valdar til frekari útfærslu og af þeim voru valdar þrjár í verðlaunasæti. Í fyrsta sæti varð tillaga frá Ask arkitektum.


Vinningstillagan tekur mikið tillit til sögu Kvosarinnar en sýnir um leið áhugaverða þróunarmöguleika. Styrkur hennar felst m.a. í skýrri sýn á þetta viðkvæma svæði. Hún sýnir markvissa uppbyggingu án nokkurs niðurrifs eða tilfærslu á gömlum húsum.

Tillagan skiptir uppbyggingunni í þrjá áfanga þar sem hver áfangi hefur skýrt hlutverk.

Í Vallarstræti verður fjölbreytt verslunar- og þjónustuhúsnæði sem mun auðga mannlíf og styrkja þjónustu í Kvosinni. Samkomusalurinn við Thorvaldsenstræti 2 (núv. Nasa) er endurbýggður sem skemmti- og ráðstefnusalur.

Landsímahúsið er allt skipulagt sem hótélbygging með nýbyggingu við Kirkjustræti. Aðalinnangangur í hótél er frá Kirkjustræti og innra skipulag hótels skapar góð tengsl við nærliggjandi almenningsrými, Víkurgarð og Austurvöll.

Það sem er einna róttækast í vinningstillögunni er að lagt er til að byggt verði á syðri hluta Ingólfstorgs, þar sem Hótél Ísland stóð einu sinni. Þar er um að ræða sjálfstæða einingu á borgarlandi sem tengist ekki hótéluppbyggingunni og gerir tillagan ráð fyrir að þar verði menningarhús. Nýbygging á þessum reit þarfnað frekari útfærslu og almennrar umræðu en býður upp á spennandi mögu-



leika sem endurvekur og styrkir gamlar götmyndir í elsta borgarhluta Reykjavíkur.

Reykjavík stendur á vissum tímamótum í skipulagsmálum. Kyrrstaða síðustu ára hefur gefið tóm til að endurmeta margar fyrri ákvarðanir í ljósi breyttra sjónarmiða og setja fram markvissari sýn til framtíðar. Aukin áhersla á umhverfisgæði,

vistvænar samgöngur og almannahagsmuni leiðir fram nýjar lausnir. Þétting byggðar á auk þess ávallt að vera á forsendum þess byggðamynsturs sem fyrir er á hverjum stað og styrkja mannlífið í borginni. Sú niðurstaða sem samkeppni um Ingólfstorg leiddi af sér varðar veginn fyrir aðra uppbyggingu í miðborginni þar sem fólk á alltaf að vera í fyrirrúmi.

## Við höfum opnað nýjan sýningarsal! Komdu í heimsókn!



Wir leben Autos.


Opel á Íslandi - Ármúla 17 - 108 Reykjavík - S:525 8000 og 525 9072 - [opel@opel.is](mailto:opel@opel.is)



[www.facebook.com/opelvinir](http://www.facebook.com/opelvinir)

BL





## MARÝ DESIGN Í RUM

Ský, hengi eftir íslenska vöruhönnuðinn Marý, prýddi síður júníheftis sænska hönnunartímaritsins RUM hemma. Skýið rataði þar inn í dálkinn „White trends“ eftir Hönnu Rubin. Sjá nánar á Mary.is og Marý-design á Facebook.



### Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



**JARN&GLER**

Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h, Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900-www.jarnkler.is

**HEIÐUR** Guðlaug Geirsdóttir keramiklistamaður tvinnar saman notagildi og skúlptúr í verkum sínum. MYND/ANTON



## JEPPARAFAFGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir **TUDOR High Tech** rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræskraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla



SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

## TILNEFND Á CERCO LISTAHÁTÍÐINNI

**HEIÐUR** Guðlaug Geirsdóttir keramiklistamaður var tilnefnd til alþjóðlegra verðlauna fyrir verk sitt Syllur á listahátíð á Spáni.

Þetta er stærsti keramikviðburðurinn á Spáni og gaman að komast að,“ segir Guðlaug Geirsdóttir en hún var tilnefnd til verðlauna á CERCO, alþjóðlegri listahátíð í borginni Zaragoza, sem haldin er ár hvert.

Keramiklistamenn alls staðar að úr heiminum senda inn verk og var Guðlaug ein 33 listamanna sem tilnefndir voru og ein listamanna af Norðurlöndum. Sigurverðlaunin enduðu hjá belgíska listamanninum Kris Campo en verk Guðlaugar verður til sýnis alla hátíðina sem stendur til 22. júlí.

Verkinu lýsir Guðlaug sem nytjaskúlptúr sem hún vann út frá umhverfi Hítarvatns en hugmyndin kviknaði eftir að hún komst í meira návígi við vatnið en hún reiknaði með.

„Ég var í veiðitúr, hrasaði og datt í vatnið. Ég vildi þó ekki drífa mig alla leið heim þó ég hefði ekki fót til skiptanna. Ég þurfti því að hafa ofan af fyrir mér eftir volkið og hafði góðan tíma til að teikna. Formið kemur frá hæðarlínunum bæði í kringum vatnið og ofan í vatninu. Syllur geta nýst sem skál eða skúlptúr eftir því hvernig þeim er snúið,“ útskýrir Guðlaug og segist yfirleitt tvíanna saman skúlptúr og notagildi í verkum sínum. „Þessa dagana er ég að vinna með mannslíkamann og innri form hans.“

Syllur eru til sölu í Listasafni Íslands, Þjóðmenningarhúsinu og á Landnámssetrinu í Borgarfirði. Þá mun Guðlaug setja upp sýningu á verkum sínum í Þjóðmenningarhúsinu á Menningarnótt þann 18. ágúst. ■ heida@365.is



**SKÚLPTÚR**  
Syllur vann Guðlaug út frá umhverfi Hítarvatns. MYND/ANTON

# SUMAR ÚTSALA

\*3,5% lántökugjald

12 mánaða  
vaxtalausar  
greiðslur\*

Gerð gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa



www.svefn.is

**20-50%  
AFSLÁTTUR**

Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.

SAGA/FREYJA OG ÞÓR  
Hágæða heilsudýnur



SAGA/FREYJA  
Queen rúm, nú aðeins 129.900  
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

**IQ-CARE**

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA  
HEILSURÚMA



**TERNABOX - ÚTSALA**

2x90x200

299.900 með okkar bestu  
IQ-CARE heilsudýnum



## TRJÁHÝSI FYRIR GAMALMENN

■ **FLESTIR TENGJA** kofa í trjám við fjörug æskuár og leiki. Hollenski listamaðurinn Benjamin Verdonck lék sér að þessari hugmynd í nýlegu listaverki sem hann kallar Vogelenzangpark 17bis. Verkið er hluti af listahátíðinni TRACK í belgísku borginni Ghent en hún fer fram nú í sumar. Trjáhýsið setti hann upp í tré framan við félagsmiðstöð eldri borgara. Raunar er

koffinn nákvæm eftirmynd eins húsanna sem tilheyrir félagsmiðstöðinni. Fyrirmyndin var reist í kringum 1950 og er arkitektúrinn eftir því. Enginn stigi er upp í húsið og því engin leið fyrir eldri borgarana að leika sér þar hvort sem vilji er fyrir því eða ekki. Auk þess er húsið, eðli málsins samkvæmt, í smækkaðri mynd og því ólíklegt að nokkur komist fyrir þar inni.

**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS

## EGGIÐ LÍKA SEM SÓFI

■ **FRÆGUR STÓLL**

Eggið er eitt frægasta húsgagn sem hannað hefur verið. Arne Jacobsen hannaði stólinn árið 1958 fyrir hótél í Kaupmannahöfn. Eggið var hannað í dæmigerðum Jacobsen stíl og fyrsta flokks efni var notað í húsgagnið. Það var líka hannað sem sófi en aðeins fá eintök af honum voru búnin til.

Ástæðan fyrir því að hann var gerður í takmörkuðu upp-lagi var ekki einungis sú að hann ætti að vera sérstæður heldur voru einnig vandræði við framleiðslu hans. Sófinn er of stór til að hægt sé að nota húðir af aðeins tveimur kúm í hann. Það gerir það að verkum að áberandi saumur verður í miðju sófans og það er alls ekki í anda Jacobsen. Það er þó hægt að leysa þetta vandamál með því að hafa sófann úr tauefni frekar en leðri.



**Útsalan hafin**  
**30-70% afsláttur.**

Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.  
Sími 8948060 • www.rollo.is • Facebook



# ENDURNÝTIR VÖRUBRETTI

**EKKERT FER TIL SPILLIS** Högni Stefán Þorgeirsson er húsgagnahönnuður með hugsjón. Hann notar nær einungis notuð vörubretti í framleiðslu sína og nýtir þau til fulls. Sagið fer ekki einu sinni til spillis.

**A**rctic Planks heitir fyrirtækið sem meðal annars sá um gólfín á KEX hostel og húsgögn, hillur og ljós á Sushi samba. Högni Stefán Þorgeirsson er eigandi fyrirtækisins og segir að það sé alltaf eitthvað nýtt í bigerð: „Nú síðast hönnuðum við og smíðuðum stóla og kolla fyrir nýja veitingastaðinn við Geysi í Haukadal.“ segir Högni og bætir við að þeir hafi allir verið unnir úr vörubrettum eins og svo margt annað sem fyrirtækið hannar. Útkoman er ekki aðeins flott heldur einnig afar umhverfisvæn því vörubrettin sem þeir nota hefðu annars endað á haugunum. Mætti jafnvel segja að endurnýting væri hálfgerð ástríða Högna: „Ég einsetti mér það að ég ætlaði að ná 100% nýtingu úr vörubrettunum og það er að takast.“ segir hann og bætir við: „Meira að segja sagði fer í hesthúsin.“

Öll framleiðsla Arctic Planks er handunnin og því fer gífurleg vinna í hvert verkefni. Starfsmennirnir eru þrír samtals og vinna þeir hörðum höndum að auka veg fyrirtækisins og það gengur vel. „Við gerðum 78 rennihurðir fyrir hótél niðri í bæ.“ segir Högni og bætir við að enn sem komið er séu viðskiptavinir aðallega veitingastaðir og fyrirtæki. Engu að síður hafi nokkrir einstaklingar keypt eintak af nýjasta stólnum sem hannaður var fyrir Geysi.

Hingað til hafa vörubrettin verið aðal-efniviður Arctic Planks en nú hefur fleira bæst við, til að mynda steypa. Arnar Freyr Halldórsson er aðalsteypumeistari fyrirtækisins. Högni segir að þessi nýjung samsvari umhverfishugmyndum fyrirtækisins vel: „Steypan sem við notum er meðal annars unnin úr gömlu múrgrjóti og öðru sem til fellur.“ Auk steypunnar hefur fyrirtækið skoðað möguleikann á að endurnýta gömul rafmagnskefli: „Ég er til dæmis með eitt risakefli fyrir utan hjá mér núna og ætla að gera úr því útiöldstæði með bekk í kring.“ segir Högni og er bjartsýnn á framtíðina: „Það er alveg



nóg af skemmtilegum hugmyndum og verkefnum úr endurunnu efni.“

Arctic Planks eru aðeins að færa út kvíarnar en Högni er á leið til New York til að funda með virtum arkitektum þar í borg. Hann tekur fram að þessi starfsemi sé enn á byrjunarstigi og því smá í sniðum.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið og verkefni þess má lesa á vefsíðunni [www.arcticplank.com](http://www.arcticplank.com) og þar er einnig hægt hafa samband við Högna.

■ [halla@365.is](mailto:halla@365.is)

**LAGHENTUR** Högni Stefán lætur ekkert fara til spillis.  
MYND/GVA

## LJÚFFENG RABARBARAKAKA

Tími rabarbarans er runninn upp og því er ekki úr vegi að útbúa einfalda og góða rabarbaraköku með stökkum mulningi eða „crumble“.

Margir gera sér dagamun á góðum sumardögum. Hvernig væri að útbúa eina svona ljúfa köku og bjóða gestum í kaffi og með því? Best er að borða kökuna volga með ís eða rjóma. Rabarbara er einnig hægt að nota í sultu og góðan graut.

Í þessa köku þarf:  
10 rabarbarastilka  
4 msk. vatn  
8 msk. hvítan sykur  
1 tsk. engiferduft  
110 g smjör, mjúkt  
110 g hrásykur  
180-200 g hveiti

Hitið ofninn í 180°C. Skolið rabarbarann og skerid hann í bita. Leggið bitana í eldfast form og vætið þá með vatninu. Dreifið hvítum sykri yfir. Bakið í 10 mínútur.

Takið úr ofninum og dreifið engiferdufti yfir. Hræið í blöndunni. Hræið saman smjöri, hveiti og hrásykri þar til úr verður nokkurs konar mulningur. Dreifið yfir rabarbarann og bakið í 45 mínútur eða þar til mulningurinn verður stökkur og rabarbarinn er farinn að búbbla.

Kælið smávegis en berið síðan fram með þeyttum rjóma eða ís.



### RABARBARINN GÓÐI

Það er engin ástæða til að láta rabarbarann vaxa úr sér í garðinum.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is)**, s. 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is)**, s. 512 5432  
**Elsa Jensdóttir, [elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is)**, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**







# GRENIMELUR



**Stórglæsileg neðri sérhæð.** Stórglæsileg og ný 187,3 fm. neðri sérhæð í vesturbænum auk 21,3 fm. bílskúrs. Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Rúmgóð stofa með útgangi á um 27 fm. svalir. Glæsilegt eldhús með mikilli innréttingu. Rúmgóð borðstofa. Sjónvarpssofa. Hjónasvita með fataherbergi og sér baðherbergi innaf. Tvö önnur herbergi. Útgangur á svalir út hjónaherbergi. Innanhússarkitekt er Guðbjörg Magnúsdóttir. Glæsilegt hús með hellulagðri innkeyrslu og göngustigum. **Verð 75,0 millj.**



**OPÍÐ HÚS**  
**Eikjuvogur 22 - efri sérhæð.**  
**OPÍÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.00-18.00** Falleg 200,8 fm. sérhæð á tveimur hæðum auk 34,3 fm. bílskúrs. Eign sem hefur fengið gott viðhald í gegnum tíðina. Rúmgott eldhús. Tvær samliggjandi stofur með útgengi á suðvestursvalir. Fjögur herbergi. Allar raflagnir og töflur eru endurnýjaðar og húsið var málað og víðgert fyrir um 5 árum síðan. Stór lóð með timburveröndum. **Verð 48,5 millj. Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin.**



**Heiðargerði.**  
Góð 77,7 fm. íbúð á jarðhæð í tvíbýlishúsi með góðum garði á rólegum og barnvænum stað. Nýleg ljós innrétting í eldhúsi. Tvö herbergi. Parketlögð stofa. Aðkoma góð og garður í rækt. **Verð 18,6 millj.**



**Fjölfnisvegur - efri sérhæð**  
Góð 4ra herbergja 109,3 fm. efri sérhæð auk riss í tvíbýlishúsi á þessum eftirsóttu stað. Aukin lofthæð er á hæðinni og útsýnis nýtur frá íbúðinni. Hæðin skiptist í samliggjandi opnar stofur, eldhús, tvö herbergi, flisalagt baðherbergi og þvottaadstöðu. Í risi lítið rúmi (geymsla). Svalir út af stigapalli. **Verð 37,5 millj.**



**Bjarkarás - Garðabæ. Efri sérhæð.**  
Falleg 145,0 fm. íbúð á efri hæð með sér inngangi í nýlegu og vönduðu litlu fjölbýli. Sér staði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Stórar svalir til suðvesturs út af stofu með útsýni til sjávar. Opíð eldhús við stofu með eikarinnréttingum. 2 herbergi. Geymsla innaf þvottaherbergi. **Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 47,9 millj.**




**Kríuhólar - 4ra herbergja ásamt bílskúr .**  
116,1 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. hæð auk 25,9 fm. frístandandi bílskúrs. Eldhús opíð að hluta. Rúmgott hjónaherbergi og tvö barnaherbergi. Svalir til austurs. Lóð í rækt og góð aðstaða fyrir börn. **Verð 24,7 millj.**



**Hjallavegur.**  
Góð 59,0 fm. íbúð á efstu hæð í góðu þrjúbýlishúsi á þessum eftirsóttu stað. Um er að ræða mjög fallega og vel umgengna íbúð í upprunalegum stíl frá árinu 1965. Góðar svalir í suðaustur út af stofu. Þvottaadstaða á baðherbergi. 2 svefnherbergi. **Verð 18,5 millj.**



**Ægisíða - 4ra herbergja**  
Falleg 96,1 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð í þrjúbýlishúsi í vesturbænum. Eldhús með ljósum víðarinnréttingum. Rúmgóð stofa/borðstofa. 3 herbergi. Búð er að endurnýja gler í íbúðinni að mestu og þak var endurnýjað fyrir nokkrum árum síðan. **Verð 27,5 millj.**



**Brekkubyggð - Garðabæ. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi.**  
92,0 fm íbúð með sérinngangi og glæsilegu útsýni á góðum og grónum stað í Garðabæ. Stór sér lóð fylgir íbúðinni. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottaherbergi innaf forstofu, hol, 2 svefnherbergi, rúmgóða stofu, eldhús og flisalagt baðherbergi. Útsýni út á sjóinn, að Snæfellsjökli, yfir borgina og víðar. **Verð 23,9 millj.**

## 3JA HERB.



**Pingholtsstræti**  
